



Innkauparáð
Höfðatorgi

Reykjavík, 6. ágúst 2020

VEL2020060053

Efni: Beiðni um samþykkis innkauparáðs á því að þjónusta falli undir 16. gr. innkaupareglna og heimild til að víkja frá innkaupaferlum skv. 17. gr. reglnanna.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sendi þann 30. júní 2020 erindi til innkaupaskrifstofu þar sem óskað var eftir staðfestingu á því að sérsniðin þjónusta á vegum Ás-styrktarfélags falli undir skilgreiningu á félagsþjónustu, sbr. 6. mgr. 16. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og reglugerðar nr. 1000/2016 um innkaup sem falla undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup.

Með tölvupósti frá innkaupaskrifstofu, dags. 5. ágúst 2020, var það álit innkaupaskrifstofu að sú þjónusta sem um ræðir falli undir reglugerð nr. 1000/2016 og að efni samningsins falli undir félagslega þjónustu og aðra sértæka þjónustu í skilningi kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (sjá orðasafn Evrópusambandsins (CPV)), sbr. reglugerð EB nr. 933/2010 og reglugerð EB 1000/2016 er sú þjónusta sem fellur undir CPV númer 85311000-2, 85311200-4 og 85311300-5 útboðsskyld í samræmi við kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Umrædd kaup teljast vera sértæk þjónusta í skilningi 4. gr. reglugerðar nr. 260/2020 um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarþjárhæðir vegna opinberra innkaupa og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

Almenn atriði um forsögu málsins:

Við yfirlæslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga um áramótin 2010-2011 yfirtók velferðarsvið Reykjavíkurborgar skyldur samkvæmt samningi félags- og tryggingamálaráðherra og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík við Ás-styrktarfélag. Gildistími samningsins var frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2010.

Í kjölfar yfirlæslunnar var óskað eftir staðfestingu Innkaupaskrifstofu á því að fyrirhugaður samningur við Ás um áframhaldandi þjónustu félli undir skilgreiningu á félagsþjónustu, sbr. i-lið 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Í svari innkaupaskrifstofu, dags. 15. desember 2011, kemur fram að niðurstaða Innkaupaskrifstofu sé að efni samningsins falli að skilgreiningu á félagslegrí þjónustu í skilningi i-liðar 13. gr. innkaupareglnanna. Í febrúar 2012 var óskað

eftir heimild innkauparáðs til að víkja frá ákvæði 11. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar um skyldu til innkaupa á grundvelli innkaupaferlis og var sú heimild veitt. Var umræddur samningur gerður til þriggja ára.

Í desember 2015 var aftur óskað eftir heimild innkauparáðs til að víkja frá ákvæði 11. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar um skyldu til innkaupa á grundvelli innkaupaferlis og var sú heimild veitt. Gerður var samningur við Ás-styrktarfélög til fimm ára og rennur sá samningur út þann 31. desember 2020.

Beiðni um samþykki innkauparáðs:

Ás-styrktarfélög er sjálfseignarstofnun og hefur í gegnum árin komið á fót umfangsmiklum rekstri. Í dag veitir félagið hátt á fjórða hundrað manns þjónustu í formi búsetu, dagþjónustu og vinnu. Starfsmenn þess eru nú 430 talsins í rúmlega 195 stöðugildi. Félagið er aðili að og á fulltrúa hjá Landssamtökunum Proskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Efni samningsins varðar eftirtalda þætti:

- Ráðgjöf og aðstoð við fatlaða og aðstandendur þeirra.
- Atvinnu- og dagþjónustu.
- Sértaek húsnaðisúrræði.
- Stoðþjónusta.
- Próunarstarf.
- Þjónustu við börn yngri en 6 ára.

Um er að ræða þjónustu og verkefni sem sveitarfélögum eru falin með lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Um er að ræða sérhæfða þjónustu sem er afar umfangsmikil og því er ljóst að það er ekki á færi annarra aðila að veita hana. Því er mikilvægt er að halda þjónustunni sem heild þar sem um er að ræða viðkvæma þjónustu en m.a. er um að ræða heimili fólks. Séu breytingar fyrirhugaðar þarf að vinna þær á lengri tíma svo að vel fari. Auk þess skal bent á að fyrir liggur langtímaskuldbindingu Áss við ríkið og síðar velferðarsvið Reykjavíkurborgar og búið er að byggja upp þjónustukeðju og húsnaðisúrræði í áratugi á grundvelli þess samstarfs. Húsnæði og öll aðstaða er fyrir hendi og í eigu Áss sem hefur gert umtalsverðar breytingar á húsnæði sínu sem nýtt er til þjónustu við fatlaða, til dæmis með bættu aðgengi og auknu einkarymi í búsetu.

Sú fjárhæð sem velferðarsviði mun greiða til Ás-styrktarfélags, ef að samningi verður, nemur allt að 7.500 milljónum á samningstímanum eða um 1.500 milljónir á ári en áætlað er að samningurinn gildi til fimm ára.

Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er hér með óskað eftir því að innkauparáð samþykki að efni samningsins falli undir 16. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og heimili að vikið sé frá innkaupaferlum skv. 17. gr. reglnanna. Í kjölfar samþykktar innkauparáðs mun

velferðarsvið auglýsa fyrirætlan um samningsgerð, sbr. 3. mgr. 16. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,
f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Kristín Ósp Jónsdóttir

Kristín Ósp Jónsdóttir, lögfr.